



SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS BLÁFJÖLL - SKÍÐASVÆÐI

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI, 2010 - 2022
DEILISKIPULAG

SKIPULAGS- OG MATSLÝSING - TILLAGA

LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI

SAMKVÆMT 1. MGR. 30. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

MATSLÝSING VEGNA AÐALSKIPULAGSBREYTINGAR

SAMKVÆMT LÖGUM UM UMHVÆRFISMAT ÁÆTLANA NR. 105/2006

09.09.2019

UNNIÐ FYRIR SKÍÐASVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS



1	Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur	2
2	Forsendur	4
2.1	Staðhættir og mörk skipulagssvæðisins	4
1.1	Verndarsvæði.....	4
1.1.1	Friðlýstur fólkvangur	4
1.1.2	Náttúruminjar.....	5
3	Skipulagsleg staða	5
3.1	Aðalskipulag.....	5
3.1.1	Óbyggð svæði	5
3.1.2	Hverfisvernd	5
3.1.3	Verndarsvæði neysluvatns	6
3.2	Breyting á aðalskipulagi	7
3.3	Deiliskipulag.....	7
4	Umhverfismat	8
4.1	Áhrifabættir	8
4.1	Umhverfispættir	8
4.2	Umhverfisviðmið	8
4.3	Valkostir.....	10
4.4	Aðferðarfræði	10
5	Kynning, samráð og ferli	10
5.1	Kynning og samráð	10
5.1	Skipulagsferli.....	11

1 Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur

Sveitarfélagið Ölfus vinnur nú að breytingu á gildandi aðalskipulagi samhliða því að gera nýtt deiliskipulag fyrir þann hluta skíðasvæðisins í Bláfjöllum sem er/verður innan sveitarfélagsins.

Í gildi er deiliskipulag fyrir meginhluta skíðasvæðisins í Bláfjöllum sem er í landi Kópavogs á um 390 ha svæði. Skv. framtíðarsýn Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins fyrir Bláfjöll til ársins 2030 stendur til að stækka skíðasvæðið yfir í Sveitarfélagið Ölfus, m.a. með því að byggja diskalyftu úr Kerlingardal upp á topp Bláfjalla. Einnig er gert ráð fyrir að efri endastöðvar tveggja nýrra stólalyfta verði innan sveitarfélagsins en vegna þessara nýju lyfta verða til nýjar skíðaleiðir innan skíðasvæðisins (sjá myndir 1 og 2). Ekki er gert ráð fyrir byggingum innan sveitarfélagsins öðrum en litlum stjórnstöðvum við endastöðvar áður nefndra lyfta. Stækkun skíðasvæðisins er á um 100 ha svæði sem er innan marka skilgreinds Bláfjallafólkvangs.

Fyrirhuguð uppbygging innan sveitarfélagsins Ölfuss er ekki í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 þar sem svæðið er skilgreint sem *óbyggð svæði* auk þess að vera *fjarsvæði vatnsverndar* og undir *hverfisvernd*.

Breyting á gildandi aðalskipulagi fellst í því að um 100 ha svæði verður skilgreint sem *opið svæði til sérstakra nota* í stað þess að vera *óbyggð svæði*. Svæðið mun eftir sem áður vera vera *fjarsvæði vatnsverndar* og undir *hverfisvernd*.

Landslag ehf. mun vinna að deiliskipulaginu fyrir hönd Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins ásamt því að vinna breytingu á aðalskipulagi fyrir hönd sveitarfélagsins.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar, aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags í þessu tilfelli, taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni. Verkefnið verður því unnið á tveimur skipulagsstigum og á því skipulagslýsing þessi við bæði skipulagsstigin til einföldunar fyrir almenning og umsagnaraðila þar sem viðfangsefnin og lausn þeirra eru nátengd.

Breyting á aðalskipulagi ásamt deiliskipulagi fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana vegna liðar 12.01 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000: *Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar og tengdar framkvæmdir á skíðasvæðum á verndarsvæðum og jöklum*. Vegna þess er þörf á að gera matslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi og vegna deiliskipulags.

Í stað þess að vinna tvær lýsingar vegna deiliskipulags annarsvegar og breytingar á aðalskipulagi hinsvegar eru þær sameinaðar í eina lýsingu í samræmi við gr. 4.2.2 í *skipulagsreglugerð nr. 90/2013*.


Lýsing þessi samanstendur því af eftirfarandi:

- *Lýsing á skipulagsverkefni*
 - *Samkvæmt 30. grein skipulagslaga nr. 123/2010*
- *Matslýsing*
 - *Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006*

2 Forsendur

2.1 Staðhættir og mörk skipulagssvæðisins

Skipulagssvæðið er um 100 ha og er suðaustan núverandi skíðasvæðis og í austurhlíðum Bláfjalla og niður í hluta Kerlingardals. Svæðið er almennt séð lítt gróið, sérstaklega í fjallshlíðum. Fjöllin sjálf eru dæmigerður móbergshryggur og eru topparnir án hraunþekju á þessu svæði. Sléttlendið er ýmist þakið hraunum, að hluta mosavöxnum, eða seti.



Mynd 3. Mörk skipulagssvæðisins (rauð afmörkun).

1.1 Verndarsvæði

1.1.1 Friðlýstur fólkvangur

Samkvæmt auglýsingu um fólkvang í Bláfjöllum nr. 173/1985 er núverandi skíðasvæði og fyrirhuguð stækkun þess með deiliskipulagi innan fólkvangsins. Mörk hans eru 1) úr kalli Vífilfells 2) í Hácoll 3) í Kerlingarhnjúk 4) í (Litla) Kóngrsfell 5) í Bollann við Grindarskörð 6) í horn Heiðmerkursgirðingar við Kolhól 7) með Heiðmerkursgirðingu í punkt, þar sem hún sker línu milli Stríps og Stóra Kóngrsfells 8) Sandfell, norðvestur af Rjúpnadölum, í koll Vífilfells.

Um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur:

- Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið, og óheimilt er að reisa þar girðingar eða annars konar tálmanir, á þann veg að umferð fólks torveldist.
- Óheimilt er að gera á svæðinu jarðrask nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.
- Stefnt skal að því, að svæðið skuli skipulagt til skíðaiðkana eftir því, sem efni þykja til, en hvers konar mannvirkjagerð er háð samþykki Umhverfisstofnunar.
- Stjórn fólkvangsins er heimilt að takmarka eða banna umferð vélknúinna farartækja innan marka fólkvangsins.

Gert er ráð fyrir að deiliskipulag verði í fullu samræmi við auglýsingu um fólkvang og þær reglur sem eru í gildi fyrir hann. Skíðasvæði Höfuðborgarsvæðisins munu leita samþykkis Umhverfisstofnunar fyrir þeim mannvirkjum sem kunna að verða reist innan fólkvangsins.

1.1.2 Náttúruminjar

Skipulagssvæðið er innan friðlýsts fólkvangs en að öðru leyti eru engar friðlýstar náttúruminjar innan skipulagssvæðisins.

3 Skipulagsleg staða

3.1 Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 er skipulagssvæðið er skilgreint sem *óbyggð svæði* auk þess að vera *fjarsvæði vatnsverndar* og undir *hverfisvernd*.

3.1.1 Óbyggð svæði

Markmið aðalskipulagsins fyrir óbyggð svæði eru:

- Stefnt er að því að vinna að endurheimt landgæða hvarvetna í sveitarfélaginu.
- Lögð skal áhersla á uppbyggingu þjónustukerfa sem styrkja ferðapjónustu.
- Áhersla verður lögð á að vernda lítt röskuð svæði fyrir utanvegaakstri.
- Fylgst verður með hættu af sandfoki á þekktum foksvæðum.

Mikill hluti sveitarfélagsins er í flokknum *óbyggð svæði*. Á þessum svæðum eru m.a. helstu vatnsverndarsvæðin í sveitarfélaginu.

3.1.2 Hverfisvernd

Markmið aðalskipulagsins fyrir hverfisvernd eru:

- Með afmörkun hverfisverndarsvæða verði stuðlað að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðapjónustu á svæðinu.

3.1.2.1 Hverfisverndarsvæði vegna náttúruverndar

Nokkur mikilvæg votlendissvæði, heiðalönd og kjarrlendi eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði, einkum vegna sérstæðs fuglalífs, gróðurs og útivistargildis. Ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar eru þessi:

- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um tak-mörkun eða stjórn beitar á svæðinu.
- Framræsla votlendis á svæðunum er óheimil. Stefnt er að endurheimt votlendis þar sem því verður við komið.
- Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Nákvæm skráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.

Skipulagssvæðið er hluti af eftirfarandi *hverfisverndar vegna náttúruverndar*:

- Hlíðarvatn, Selvogs-heiði, Brennisteins-fjöll og Herðisarvík
 - Hluti af stærra svæði þar sem stefna skal að friðlýsingu, svæðið tengist Stakkavík og Hlíðarvatni sem eru á náttúruminjaskrá. Útivistarsvæði með áhugaverðum gosminjum og landslagi. Nyrst á svæðinu er vinsælt gönguskíðasvæði í nágrenni Bláfjalla þar sem akstur vélknúinna ökutækja er bannaður, utan þeirra sem eru á vegum skíðasvæðisins í Bláfjöllum.

3.1.3 Verndarsvæði neysluvatns

Markmið aðalskipulagsins fyrir verndarsvæði neysluvatns eru:

- Mikilvægt er að vernda grunnvatn sem neysluvatn fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Tryggja þarf nægt framboð neysluvatns fyrir sveitarfélagið.
- Lögð er áhersla á að tryggja vatnsgæði í tengslum við matvælaframleiðslu.

3.1.3.1 Fjarsvæði vatnsbóla

Fjarsvæði er á vatnasviði vatnsbóla en liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi:

- Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp í flokki grannsvæða. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.
- Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Skipulagssvæðið er hluti af eftirfarandi *fjarsvæði vatnsverndar*:

- Heiðin há – Eldborgar-hraun – Skálafell
 - Víðfeðm heiðalönd ofan jaðarsvæðis byggðar sem skilgreint er sem grannsvæði vatnsbóla. Aðrennslissvæði vatnsbóla í byggð í Ölfusi.

3.2 Breyting á aðalskipulagi

Breyting á aðalskipulagi fellst í því að um 100 ha svæði verður skilgreint sem *opið svæði til sérstakra nota* í stað þess að vera *óbyggð svæði*. Svæðið mun eftir sem áður vera vera *fjarsvæði vatnsverndar* og undir *hverfisvernd*.

Markmið aðalskipulagsins fyrir *opin svæði til sérstakra nota* eru m.a.:

- Lögð er áhersla á að efla starfsemi á sviði útivistar og ferðapjónustu.



Mynd 4 Hluti Aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, sveitarfélagsuppdráttur. Rauð lína sýnir afmörkun þess svæðis sem breytingin nær yfir.

3.3 Deiliskipulag

Samhliða vinnu við breytingu á aðalskipulagi verður unnin tillaga að deiliskipulagi fyrir skipulagssvæðið með því markmiði að möguleiki verði á að stækka skíðasvæðið í Bláfjöllum.

Innan skipulagssvæðisins er gert ráð fyrir diskalyftu úr Kerlingardal upp á topp Bláfjalla. Einnig er gert ráð fyrir að efri endastöðvar tveggja nýrra stólalyfta verði innan skipulagssvæðisins en vegna þessara nýju lyfta verða til nýjar skíðaleiðir innan skipulagssvæðisins. Ekki er gert ráð fyrir byggingum innan sveitarfélagsins öðrum en litlum stjórnstöðvum við endastöðvar áður nefndra lyfta.

Ekkert deiliskipulag er í gildi á því svæði sem breyting á aðalskipulagi nær til eða þess svæðis sem fyrirhugað deiliskipulag mun ná til.

4 Umhverfismat

Þar sem deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana verður unnin umhverfisskýrsla sem verður hluti greinargerðar deiliskipulags annarsvegar og aðalskipulagsbreytingar hinsvegar.

Umhverfisskýrslan verður unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis. Við umhverfismat verður stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis.

4.1 Áhrifaþættir

Með þessu hugtaki er átt við hvaða þættir deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingarinnar eru líklegir til að valda umhverfisáhrifum.

Eftirfarandi áhrifaþáttur er talinn geta valdið umhverfisáhrifum:

- Framkvæmdir við skíðalyftur innan skipulagssvæðisins.

4.1 Umhverfisþættir

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem sjónum er beint að við umhverfismat deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingar þar sem þeir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af þeim ákvörðunum sem teknar eru í skipulagi.

Í deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi verða eftirfarandi umhverfisþættir metnir m.t.t. umhverfisáhrifa:

- Jarðfræði og jarðmyndanir
- Landslag og sjónræn áhrif
- Grunnvatn
- Útivist

Aðrir umhverfisþættir eru ekki taldir muni verða fyrir áhrifum.

4.2 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi hefur í för með sér.

Eftirfarandi umhverfisviðmið verða lögð til grundvallar:

Umhverfisþættir	Viðmið	Útskýring
Náttúruminjar	• Auglýsing um fólkvang í Bláfjöllum Stj.tíð. B, nr. 173/1985	• Viðhalda þeirri stefnu að svæðið skuli skipulagt til skíðaiðkana og útivistar í samráði við Umhverfisstofnun.
	• Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 61. gr.	• Verndun jarðmyndana s.s. hraun. • Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðuðum náttúruminum.

	• Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 m.s.br. gr. 6.3	• Fólkvangar teljast til friðlýstra svæða.
	• Skipulagslög 123/2010 gr. 1 og 9	Markmið laga þessara er m.a.: • að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi, • að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
	• Náttúruminjasrá	• Bláfjallafólkvangur er friðlýstur fólkvangur skv. Náttúruverndarlögum og er á Náttúruminjasrá
Jarðmyndanir	• Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 61. gr.	• Verndun jarðmyndana s.s. hraun. • Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum.
	• Auglýsing um fólkvang í Bláfjöllum Stj.tíð. B, nr. 173/1985	• Óheimilt er að gera á svæðinu jarðrask nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.
Gróðurfar	• Reglugerð um náttúruvernd nr. 205/1973 11.gr.	• Ekki eyða eða spilla gróðri að óþörfu.
Náttúrulegt landslag	• Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 m.s.br. gr. 3	• Um náttúruverndarsvæði gilda lög um náttúruvernd.
	• Reglugerð um náttúruvernd nr. 205/1973 11 og 37 gr.	• Öllum er skylt að sýna varúð í samskiptum við náttúru landsins, svo að henni sé ekki spillt að óþörfu. • Ef hætta er á því, að fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask leiði til þess m.a. að land breyti verulega um svip er skylt að leita álits Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdir hefjast.
Grunnvatn	• Reglugerð nr. 796/1999 gr. 1 (nr. 533/2001 gr. 13.1 og 913/2003) um varnir gegn mengun vatns.	• Markmiðið er að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum.
	• Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn 9. gr.	• Umhverfis hvert vatnsból skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns.
	• Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun 1. gr.	• Markmið reglugerðar þessarar er m.a. að koma í veg fyrir og draga úr mengun af völdum atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun. • Jafnframt er það markmið að tryggja að kröfur sem gerðar eru í starfsleyfum til þess að draga úr tiltekinni mengun umhverfisins valdi ekki aukinni mengun annars staðar í umhverfinu.
	• Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 m.s.br. gr. 5.3.2.15.	• Staðsetja skal vatnsból, afmarka vatnsverndarsvæði og setja skilmála til að tryggja að vatnsból mengist ekki.

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- **(+) Jákvæð áhrif á umhverfispátt.**

- Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag styður viðmið viðkomandi umhverfispáttar.

- **(0) Óveruleg áhrif á umhverfispátt.**

- Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfispátt.

- **(-) Neikvæð áhrif á umhverfispátt.**

- Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfispáttar.

- **(Ó) Óljós áhrif á umhverfispátt.**

- Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag hefur óljós áhrif á viðkomandi umhverfispátt, áhrif fara eftir útfærslu í deiliskipulagi.

4.3 Valkostir

Gert er ráð fyrir að metin verði og borin saman áhrif deiliskipulags og breytingar á aðalskipulagi við líklega þróun umhverfis án framfylgdar beggja skipulagsstiga.

4.4 Aðferðarfræði

Við umhverfismat verður stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis.

Framsetning umhverfismats verður í formi texta og venslatafla.

5 Kynning, samráð og ferli

5.1 Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagið eða breytingar á aðalskipulagi.

Helstu samráðsaðilar:

- *Skipulagsstofnun*
 - Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við deiliskipulag og breytingu á aðalskipulagi í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

- Skipulagsstofnun er lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
- Umhverfisstofnun,
 - Vegna mögulegra umhverfisáhrifa og sem lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismat áætlana.
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Stjórn skíðafélaganna
- Veðurstofan
- Garðabær
- Hafnarfjörður
- Reykjavík
- Kópavogur
- Viðeigandi nefndir Sveitarfélagsins Ölfus

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og mun hún liggja frammi á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfus og vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins: www.olfus.is

Áður en tillaga að deiliskipulagi ásamt breytingu á aðalskipulagi verður afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli verða tillögurnar kynntar íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á opnum íbúafundi eða á annan fullnægjandi hátt.

5.1 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi deiliskipulags og breytingar á aðalskipulagi:

<i>September 2019</i>	Skipulags- og matslýsing unnin, samþykkt af skipulags-, bygginga- og umhverfisnefnd og bæjarstjórn. Skipulags- og matslýsing kynnt almenningi og samráð haft við Skipulagsstofnun.
<i>Sept. – okt. 2019</i>	Unnið að tillögu að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi ásamt umhverfisskýrslum. Samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila.
<i>Okt. – nóv. 2019</i>	Tillaga að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi tekin fyrir á fundi skipulags-, bygginga- og umhverfisnefndar og á fundi bæjarstjórnar þar sem tillögurnar eru afgreiddar í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.
<i>Nóvember 2019</i>	Tillaga að breytingu á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að 4 vikur til að gera athugasemdir.
<i>Des. – jan. 2020</i>	Tillaga að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli, lágmark 6 vikur.

Janúar 2020

Tillaga að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulags-, bygginga- og umhverfisnefndar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa.

Tillaga að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi samþykkt af bæjarstjórn.

Febrúar 2020

Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að 3 vikur til að koma með athugasemdir. Að því loknu birtir sveitarfélagið auglýsingu um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Breyting á aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur 4 vikur til að staðfesta aðalskipulagsbreytinguna og auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda.